

ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK
FÆRIST FRÁ
SVÆÐIS-SKRIF-STOFUM TIL
SVEITAR-FÉLAGA Á ÍSLANDI

1. JANÚAR 2011

Auð-lesið efni um breyt-ingar á þjónustu við fatlað fólk í Reykja-vík

Efnis-yfir-lit

2

Efni	Blað-síða
Hvað á að gera?	4
Hvað gerist við yfir-færsluna?	5
Mynd af þjónustu Svæðis-skrif-stofunnar í Reykjavík sem færast til Reykja-víkurborgar	6
Hvað gerist með atvinnu-mál og þjónustu sem aðrir veita fötluðu fólki?	7
Hvað gerist ekki?	8
Hvencær gerist þetta?	9
Hvað er Vel-ferðar-svið?	10
Þjónustu-miðstöðvar í Reykja-vík	11
Íbúar leita eftir þjónustu á þjónustu-miðstöð í hverfinu sem þeir búa í	12
Hverjir eru kostir yfir-færslunnar?	13
Hver ber ábyrgð á verkefninu?	14
Þeir sem vinna að undir-búningi yfir-færslunnar	15

Efni	Blað-síða
Undir-búningur hjá Reykja-víkur-borg	16
Stýri-hópur Reykja-víkur-borgar	17
Hvað gerir stýri-hópur	18
Í stýri-hópnum eru:	19
Starfs-hópar	20
Hópar sem eru að störfum	21
Allir hópar	22
Spurningar og góðar hug-myndir	23
Kveðja frá verkefnis-stjóra	24

Hvað á að gera?

4

- Það á að færa þjónustu fyrir fatlað fólk sem svæðis-skrifstofur sjá um til sveitar-félaga á Íslandi
- Talað er um yfir-færslu þjónustu frá ríki til sveitar-félaga
- Í Reykja-vík þýðir þetta að Svæðis-skrifstofan hættir að vera til og þjónustan færist til Velferðar-sviðs Reykjavíkurborgar

Hvað gerist við yfir-færsluna?

5

- Þessi þjónusta flyst til Reykja-víkur-borgar:
 - Sam-býli
 - Áfanga-staðir
 - Frekari liðveisla í þjónustu – og íbúða-kjörnum
 - Frekari liðveisla í sjálf-stæðri búsetu
 - Dag-þjónusta sem ekki fellur undir vinnu-mál
 - Heimili fyrir börn
 - Skamm-tíma-vistun barna
 - Stuðnings-fjölskyldur
 - Ráðgjöf og önnur stuðnings-þjónusta við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra

- Starfs-menn Svæðis-skrif-stofunnar flytjast á starfs-einingar Reykja-víkur-borgar.

Hér er mynd af þjónustu SSR sem færir til Reykja-víkur-borgar

6



Hvað gerist með atvinnu-mál og þjónustu sem aðrir veita fötluðu fólk?

7

- Enn er ekki vitað hvort atvinnu-mál færast líka til Reykja-víkurborgar en þau áttu upp-haf-lega að færast til Vinnu-mála-stofnunar.
- **Í Reykja-vík veita nokkrir þjónustu-aðilar fötluðu fólk þjónustu á sviði búsetu, dag-þjónustu og atvinnu-mála:**
 - Ás styrktar-félag rekur mikla þjónustu fyrir fatlað fólk, bæði búsetu-þjónustu og atvinnu- og dag-þjónustu og dag-þjónustu fyrir börn.
 - Blindra-félagið, Múla-lundur og Öryrkja-banda-lag Íslands reka verndaða vinnu-staði fyrir fatlað fólk.
 - Reykjavíkur-borg rekur þjónustu-kjarna fyrir fatlað fólk, skammtíma-vistun og lengda viðveru fyrir börn.
- Fjár-magn sem fylgir þessari þjónustu flyst til Reykja-víkur-borgar sem sér um að semja um þjónustu við þessa aðila um að veita þjónustu fyrir fatlað fólk.

Hvað gerist ekki?

8

- ❑ Þjónusta sjálfs-eignar-stofnana eins og Áss styrktarfélags flyst ekki til sveitar-félagsins, bara fjármagnið sem veitt er til þjónustu við fatlaða
- ❑ Almanna-tryggingar verða áfram á hendi Trygginga-stofnunar ríkisins (TR)
- ❑ Hjálpar-tækja-miðstöð verður áfram rekin af Trygginga-stofnun ríkisins (TR)
- ❑ Tölvu-miðstöð fatlaðra verður óbreytt

Hvenær gerist þetta?

9

- Þjónusta fyrir geð-fatlaða var flutt til Vel-ferðar-sviðs 1. maí 2010.
- 1. janúar 2011 flyst önnur þjónusta fyrir fatlað fólk sem svæðis-skrifstofur veita til sveitar-félaga á Íslandi.
- Undir-búningur er í fullum gangi enn þá og ekki er vitað hvort að miklar breyt-ingar verði á þjónustunni í janúar.
- Fylgist með á www.reykjavik.is/fatladir. Þar koma fréttir af breyt-ing-unum í Reykja- vík.
- Í nóvem-ber og desem-ber verður kynnt hvar þjónustan verður og hvert er hægt að hringja eða koma til að sækja um þjónustu og fá allar upp-lýsingar.


Hvað er Vel-ferðar-svið?

10

- Vel-ferðar-svið heitir stofnunin sem ber ábyrgð á allri vel-ferðar-þjónustu í Reykjavík og barna-vernd.
- Sex þjónustu-miðstöðvar í hverfum Reykja-víkur veita íbúum félags-lega þjónustu og sérfræðri-þjónustu fyrir börn.
- Þar er hægt að fá upp-lýsingar um þjónustu Reykja-víkur-borgar.
- Á þjónustu-miðstöðvum vinna sér-fræðingar sem veita ráð-gjöf og meta um-sóknir um þjónustu eins og til dæmis heima-þjónustu, lið-veislu, heima-hjúkrun, hús-næði og fjárhags-aðstoð.
- Sér-fræðingarnir veita líka ráð-gjöf.

Þjónustu-miðstöðvar í Reykja-vík

11



Íbúar leita eftir þjónustu í þjónustu- miðstöð í hverfinu þar sem þeir búa:

12

- ❑ Íbúar sem búa í Vestur-bæ fara í Vestur-garð sem er á Hjarðar-haga 45-47.
- ❑ Íbúar sem búa í Mið-borg eða Hlíða-hverfi fara á Þjónustu-
miðstöð á Skúla-götu 21.
- ❑ Íbúar sem búa í Laugar-dal eða Háa-leitis-hverfi fara á
Þjónustu-miðstöð í Síðu-múla 39.
- ❑ Íbúar sem búa í Breið-holti fara á Þjónustu-miðstöð í Álfa-
bakka 12.
- ❑ Íbúar sem búa í Grafar-vogi eða á Kjalar-nesi fara í Mið-
garð sem er í Langa-ríma 21.
- ❑ Íbúar sem búa í Ár-bæ eða Grafar-holti fara á Þjónustu-
miðstöð í Hraun-bæ 115.

Hverjir eru kostir yfir-færslunnar?

13



Hver ber ábyrgð á verkefninu?

14

- Verkefnis-stjórn stjórnar verkefninu.
- Í henni eru full-trúar frá ríkis-stjórninni, sveitar-félögum, Þroska-hjálp og Öryrkja-bandalaginu.
- Þann 13. mars 2009 var skrifað undir vilja-yfir-lýsingu um að þjónusta við fatlað fólk á Íslandi eigi að færast frá ríki til sveitar-félaga 1. janúar 2011.
- Þann 7. júlí 2010 var skrifað undir sam-komu-lag um fjár-magn. Það er hvað sveitar-félögin fá mikla peninga til að veita þjónustu við fatlað fólk á næstu þremur árum.

Þessir vinna að því að undir-búa yfir-færslu þjónustu við fatlað fólk:

15



Félags-og trygginga-
mála-
ráðu-neyti



Sam-band
íslenskra
sveitar-
félaga



Reykja-
víkur-borg



Svæðis-
skrifstofan
í Reykja-
vík



Hags-
muna-
samtök



Undir-búningur hjá Reykja-víkur-borg

16

- Í mars var ráðinn verkefnis-stjóri til að halda utan um verkefnið hjá borginni og stýra undir-búnings-vinnunni
- Í mars var líka skipaður stýri-hópur til að hafa yfir-umsjón með verk-efninu
- Reykja-vík hefur verið að undir-búa sig til að taka á móti þjónustu við fatlað fólk á síðast-liðnum árum.
- Í maí 2010 var þjónusta við geð-fatlaða færð til borgar-innar frá Svæðis-skrifstofu.
- Í júlí 2010 var þjónusta við fatlaða íbúa á Sléttu-vegi 3, 7 og 9 færð til borgar-innar frá Svæðis-skrifstofu.

Stýri-hópur Reykja-víkur-borgar

17

- Nýr stýri-hópur var skipaður í júlí 2010
- Í honum eru:
 - Björk Vilhelmsdóttir, for-maður vel-ferðar-ráðs
 - Áslaug Friðriksdóttir, vara-borgar-fulltrúi sem er í vel-ferðar-ráði
 - Stella K. Víðisdóttir, sviðs-stjóri Vel-ferðar-sviðs
 - Anna Kristinsdóttir, mann-réttinda-stjóri Reykja-víkur-borgar
 - Aðalbjörg Traustadóttir, fram-kvæmda-stjóri Þjónustu-miðstöðvar Laugar-dals og Háa-leitis

Hvað gerir stýri-hópur?

18

- Hann hefur um-sjón með yfir-færslunni
- Hann ætlar að tryggja að unnið verði að því að bæta að-gengi og þjónustu við fatlað fólk í hverfunum sem það býr í
- Hann á að tryggja sam-ráð við notendur þjónustunnar og setja framtíðar-sýn í þjónustu við fatlað fólk í Reykja-vík

Í stýri-hópnum eru:

19

- Björk Vilhelmsdóttir, for-maður vel-ferðar-ráðs
- Áslaug Friðriksdóttir, vara-borgar-full-trúi og full-trúi í vel-ferðar-ráði
- Stella K. Víðisdóttir, sviðs-stjóri Vel-ferðar-sviðs
- Anna Kristinsdóttir, mann-réttinda-stjóri Reykjavíkur-borgar
- Aðalbjörg Traustadóttir, fram-kvæmda-stjóri Þjónustu-miðstöðvar Laugardals og Háaleitis

Starfs-hópar

20

- Yfir-færsla mál-efna fatlaðra er stórt verkefni og mikil-vægt að undir-búa það vel og leyfa starfs-mönnum að taka þátt í verkefninu.
- Margir starfs-hópar verða skipaðir og fer hópa-vinnan af stað í septem-ber.
- Nokkrir hópar eru þó farnir af stað.

Hópar sem eru að störfum

21

- Hópur um fræðslu og mót-töku nýrra starfs-manna sem gerir áætlun um hvernig eigi að fræða starfs-menn á þjónustu-miðstöðvum um mál-efni fatlaðs fólks og hvernig eigi að taka á móti starfs-mönnum Svæðis-skrifstofu í janúar.
- Hópur um notenda-samráð sem á að efla sam-ráð við notendur um þjónustu fyrir fatlað fólk í Reykja-vík og aðgengi að þjónustu í hverfum borgar-innar.
- Hópur um upp-lýsinga-tækni sem skoðar hvernig umsóknir um þjónustu verða skráðar hjá Reykja-víkurborg.

Allir hópar

22

Starfs-menn ríkis og borgar

Þjónustan	Mannauðs-mál	Upplýsinga-tækni-mál	Upplýsinga-miðlun	Notenda-sam-ráð	Fjár-mál	Húsnæðis-mál	Reglu-verk	Inntaka í þjónustu	Gæða-mál
-----------	--------------	----------------------	-------------------	-----------------	----------	--------------	------------	--------------------	----------

Not-endur og að-stand-endur

Spurningar og góðar hugmyndir

23

- Á www.reykjavik.is/fatladir er hægt að að senda inn spurningar og við reynum að svara þeim eins fljótt og við getum.
- Það er líka hægt að senda okkur góðar hugmyndir og athuga-semdir.

24

Samán erum við best 😊



Kær kveðja,
María Rúnarsdóttir
verkefnis-stjóri